

Ásmundur Sveinsson
Þorvaldur Skúlason

29.10.2016–
01.05.2017

Augans börn Children of the Eye



Ásmundur Sveinsson

Þorvaldur Skúlason

Augans börn

Barn lærir að þekkja form og liti löngu áður en það getur greint orð og bókstafi. Mannshugurinn leitar gjarnan að einhverju kunnuglegu í því sem fyrir augu ber, að samhljómi milli áþreifanlegra hluta og óhlutbundinna forma. Hugurinn greinir formin sem augað meðtekur og setur í samhengi við kunnuleg form. Þannig myndar hann sjónminnisbanka eða sjónrænan minningaheim sem nýtist til að vinna úr nýjum áhrifum.

Ef til vill má segja að fegurðarskyn okkar byggist á slíkum hugrenningartengslum, samhengi þess sem augun skynja og þess sem við höfum áður séð. Slík upplifun og úrvinnsla virðist eiga sér stað án tilstillis tungumáls eða meðvitaðrar rökhugsunar.

Á uppgangarárum og háskreiði afstraktlistar rufu myndlistarmenn smám saman tengslin við hinn hlutbundna myndheim og sköpuðu sjálfstætt myndmál. Það var í sjálfu sér byggt á kunnuglegum veruleika en knúði áfram með tilraunum á tvívíðum fleti og í þrívíðu form. Framvindan var hröð, það var eins og færi af stað sjálfvirkt reiknirit eða algóritmi. Listamenn kepptust við að kortleggja hvaða möguleikar væru til útfærslu með línu, litum og formum. Ferli þetta spannaði allan hinn vestræna listheim á sínum tíma og tók á sig fjölbreyttar myndir um nokkurt skeið. Hér á landi tóku ýmsir listamenn fullan þátt í þessari framvindu og sköruðust hugmyndir þeirra ósjálfrátt í stöðugri framþróun hins nýja myndmáls. Þeirra á meðal voru tvö augans börn sem hræðust hvor í sinni vidd, Þorvaldur Skúlason og Ásmundur Sveinsson.

Ásmundur Sveinsson er einn af frumkvöðlum höggmyndalistar hér á landi. Á ferli sínum fékkst hann við klassískan stíl, massífan og jarðbundinn stíl frásagnarverka og yfir í frjálst og óhlutbundið myndmál þar sem léttleiki og leikur ráða för.

Ásmundur var fæddur árið 1893 á Kolsstöðum í Dölum þar sem hann vann við bústörf til tuttuðu og tveggja ára aldurs. Snemma kviknaði innra með honum löngun til að skapa en Daladringurinn hafði ekki margar fyrirmyndir í myndlist hér á landi, því að

aðeins örfáir höfðu þá lagt stund á listnáám. Úr varð, árið 1915, að Ásmundur fluttist til Reykjavíkur til að leggja stund á tréskurð hjá Ríkardi Jónssyni myndskera og læra teikningu undir handleiðslu Þórarins B. Þorlákssonar listmálara.

Eftir að Ásmundur lauk námi í iðn sinni árið 1919 fluttist hann til Kaupmannahafnar og hófst þar tíu ára námsferill. Hann lærði teikningu einn vetur í Danmörku og síðan höggmyndalist í Stokkhólmi undir leiðsögn Carls Milles. Ásmundur útskrifaðist frá sænsku listaakademíunni vorið 1926 og hélt til Parísar þar sem hann naut meðal annars leiðsagnar franska myndhöggvarans Charles Despiau. Árið 1929 fluttist Ásmundur aftur til Íslands og hóf feril sinn sem myndhöggvari í Reykjavík.

Í upphafi óf hann í verk sín hugmyndir tengdar íslenskri sagnahefð og raunveruleika vinnandi stétta. Í verkum hans frá þeim tíma má sjá stórskornar alþýðuhetjur og smám saman ummyndast líkamar þeirra. Verkin vísa veginn og þar einfaldast hið náttúralíska form með því að öllum smáatriðum er sleppt. Í verkum Ásmundar gætir áhrifa úr ólíkum áttum. Sjálfur talaði hann um mótandi reynslu úr æsku, þegar hann stundaði smíðar og margvíslegt annað handverk í sveitinni. Sú reynsla hafði áhrif bæði á stíl hans og efnisnotkun. Einnig var hann undir margvíslegum áhrifum frá módernískum liststraumum á meginlandi Evrópu eftir dvölinna þar.

Ásmundur hafði að sama skapi einstaka hæfni til að efnisgera hugmyndir sínar, svo sem í anda kúbisma, en halda um leið persónulegum stíl og frjálstri afstöðu til ismanna. Um miðbik ferils síns á sjötta og sjöunda áratugnum fór Ásmundur að vinna í járn og urðu þar kaflaskil í listsköpun hans og vinnuáðferðum. Hann hætti að móta eða höggva út verk sín og fór þess í stað að safna saman efni. Hann raðaði saman málmbútum og brotajárni, oft lítið eða ekkert breyttu. Hófst þar þriggja áratuga tímabil þegar Ásmundur vann út frá forsendum efnisins og módernískri formhugsun. Í þessum skúlptúrum Ásmundar má víða sjá malerísk áhrif afstraktlistarinnar þar sem járníð verður

í senn óhlutbundin teikning og áþreifanlegur hlutur. Hann lætur form og kraft skúlptúrsins draga fram eiginleika efnisins, og gefur áhorfandanum leyfi til að horfa, skynja og njóta. Þrátt fyrir þessa óhlutbundnu notkun á línu og formum má enn finna nálægð við náttúruna, þjóðsögurnar og íslenska sagnahefð.

Árið 1976 ánafnaði Ásmundur Reykjavíkurborg heildstæðu og öflugu æviverki sínu. Hann lést 9. desember 1982 og var Ásmundarsafn opnað almenningi ári síðar.

Þorvaldur Skúlaason tók þátt í að ryðja nýjum hugmyndum braut í íslenski nútímalist með óhlutbundnum tilraunum á tvívíðum fleti málverksins. Hann var upprennandi myndlistarmönnum hvatning og var í fararbroddi hópsins sem stóð fyrir September-sýningunum svokölluðu í Reykjavík undir lok fimmra áratugarins og í byrjun hins sjötta. Ásamt öðrum stofnaði Þorvaldur SEPTEMBER-sýningarhópin 1974 og tók þátt í sýningum hans til æviloka.

Þorvaldur fæddist á Borðeyri við Hrutafjörð árið 1906 en ólst upp á Blönduósi. Hann fluttist til Reykjavíkur árið 1921 og naut fyrst leiðsagnar hjá Ríkarði Jónssyni myndskera og Þórarni B. Þorlákssyni listmálara. Síðar sótti hann tíma hjá Ásgrími Jónssyni listmálara. Árið 1927 tók Þorvaldur í fyrsta sinn þátt í opinberri myndlistarsýningu, sýningu Listvinafélagsins í húsi þess á Skólavörðuholti. Árið 1928 hlaut Þorvaldur opinberan styrk frá Alþingi til að vinna að list sinni og hélt í kjölfarið til náms í Ósló. Meðal kennara hans voru þeir Axel Revold og Jean Heiberg sem unnu út frá lita- og formkenningum frönsku malaranna Cézanne og Matisse.

Á þessum tíma voru verk Þorvalds enn hlutbundin en hann virðist þó hafa velt fyrir sér afstraktmyndmáli áður en hann fór af landi brott. Árið 1926 gerði Þorvaldur teikningu sem hugsanlega er fyrsta meðvitaða tilraun hans til óhlutbundinnar myndgerðar eða afstraksjónar. Um er að ræða litla skissu sem listamaðurinn hripaði í vinnubók sína, áritaði og gaf titilinn *Composition*. Áritunina krotaði hann síðar yfir, þótt hún sé enn vel læsileg. Af hvaða ástæðu sem Þorvaldur krotaði yfir titilinn og lét þar við sitja í þróun afstraktmyndmáls næstu tvo áratugi, þá var áhugi hans á slíkri myndgerð vakinn. Frá Noregi hélt Þorvaldur til Parísar árið 1931 og vann þar um veturinn undir leiðsögn Marcel Gromaires. Þaðan fluttist hann síðan

til Kaupmannahafnar og svo aftur til Frakklands árið 1938, en til Tours í þetta skiptið. Þorvaldur segir svo frá að þar hafi hann einbeitt sér að gerð afstraktmynda. Eftir hernám Þjóðverja vorið 1940 neyddist hann til að yfirgefa Frakkland í skyndi og skildi þá öll verk sín eftir á heimili sínu í Tours. Ekki er vitað með vissu um afdrif þeirra mynda en Þorvaldur taldi að leigusali hans hefði selt þær fyrir lítið. Eftir heimkomuna sá Þorvaldur ekki grundvöll fyrir því í bili að halda óhlutbundnum tilraunum sínum áfram.

Um miðjan fimmra áratuginn tók Þorvaldur aftur upp þráðinn og fór af fullum krafti inn í myndbyggingu sem svipar til þess sem hann skildi eftir í vinnubókinni tveimur áratugum fyrr. Eftir það og til dauðadags, 30. ágúst árið 1984, vann Þorvaldur ötullega að því að þróa eigið óhlutbundið myndmál. Enda þótt Þorvaldur hafi sjálfur nær eingöngu haldið sýningar á olímálverkum sínum, þá var hann iðinn við að teikna og skildi eftir sig stórt og mikilvægt safn teikninga, skissa og vatnslitamynda sem varðveittar eru í Listasafni Háskóla Íslands. Teikningarnar gefa mikilsverða innsýn inn í myndhugsun og þróunarsögu verka hans og eru ásamt málverkum hans hryggjarstykkið í sérstakri deild í Listasafni Háskóla Íslands: Þorvaldssafni.

Ásmundur og Þorvaldur lögðu báðir ríka áherslu á formrænt myndmál verka sinna og sóru sig þannig í ætt við móderníska hefð. Þeir gerðu sér góða grein fyrir sögulegu gildi efniviðarins og beindu sjónum sínum að efnislegum eiginum verkanna fremur en að líta á þau sem gáttir til ytra umhverfis. Þrátt fyrir að þeir veldu sér ólíka miðla voru Ásmundur og Þorvaldur að mörgu leyti hugmyndabræður og talaði Ásmundur um Þorvald sem sálufélag sinn í myndlist. Enda þótt hægt sé að tímasetja nokkurn veginn hvenær Þorvaldur færði sig að öllu leyti yfir í óhlutbundið myndmál, þá eru mörkin engu að síður nokkuð óljós. Eins er í sjálfu sér ómögulegt að benda á það hvenær Ásmundur sleit sig með öllu frá fígúrasjón í verum sínum, hafi hann gert það á annað borð. Smám saman tók hið óhlutbundna myndmál völdin í verum þeirra beggja. Myndirnar urðu sjálfstæð fyrirbæri og án vísana í hlutvuleikann. Ferill þeirra endurspeglar þannig móderníska framvindu sem stefndi frá viðteknum venjum og að markvissu samtali við samtímann.

Bryndís Erla Hjálmarsdóttir
Viktor Pétur Hannesson





Ásmundur Sveinsson Porvaldur Skúlason Children of the Eye

A child learns to recognise forms and colours long before it knows words or letters. The human mind tends to search for something familiar in that which the eyes can see; for harmony between tangible things and abstract forms. The mind analyses the forms which the eye sees and connects them to familiar forms creating a visual memory bank or a visual world of memories which we use to process new influences.

It is perhaps possible to say that our sense of beauty is based on such mental associations, the connection between what we see and what we've seen before. Such experiencing and processing seems to take place without the aid of language or conscious reasoning.

During the rise and peak of abstract art, artists gradually severed all connections with representational artwork, creating an independent imagery based on a familiar reality. Driven by experiments on two-dimensional surfaces and three-dimensional forms. Like an automatic algorithm, artists mapped out different ways of implementing lines, colours and forms. This process took over the whole of the Western art world during this period. In Iceland, several artists participated in this movement and their ideas involuntarily overlapped in the constant development of the new imagery. Two of those children of the eye moved in their own separate dimensions; Porvaldur Skúlason and Ásmundur Sveinsson.

Ásmundur Sveinsson was a pioneer of sculpture in Iceland. During his career his style ranged from classical, massive and down to earth pieces to free, abstract imagery where lightness and play dominated.

Ásmundur was born in 1893 in Kolsstaðir in Dalasýsla, and he lived and worked there until he was twenty-two years old. Early on he developed a passion for art, but this farm boy from the valley did not have many artistic idols to look to in Iceland, as very few of his countrymen had studied art. Finally, in 1915, Ásmundur moved to Reykjavík to study woodcarving with Ríkhartður Jónsson and drawing with the painter Þórarinn B. Þorláksson.

When Ásmundur graduated in Reykjavík in 1919, he moved to Copenhagen and studied for the next ten years, first drawing in Denmark for one year and later sculpting with Carl Milles in Stockholm. Ásmundur graduated from the Swedish Art Academy in spring 1926 and went to Paris where he received guidance from the French sculptor Despiau, amongst others. In 1929, Ásmundur moved back to Reykjavík and started his career as a sculptor.

Originally Ásmundur's work contained ideas connected to the Icelandic tradition of storytelling and the reality of the working classes. His work from this period shows us the conversion of the bodies of these large and coarse folk-heroes and guide us towards a simplification of the natural form, where all details are omitted. Ásmundur's work was influenced by many different things. He himself described very influential experiences from his youth: doing carpentry and various crafts on the farm. These influenced both his style and his choice of material. He was also heavily affected by modernist currents in mainland Europe after his years there. Ásmundur also had a unique talent of materialising his ideas in the spirit of cubism, for example, but at the same time maintaining his personal style and free attitude towards different-isms.

Around midway through his career—in the 50's and 60's—Ásmundur started working with iron, and there was a marked change in his art and methods. He stopped sculpting and casting his work and started collecting raw materials. He gathered iron and metal scraps and often used them without much transformation. In this period Ásmundur made the conditions of the material his focus, as well as modernist thought, and in these sculptures we can clearly see the influence from abstract paintings where the iron becomes an abstract drawing, as well as a tangible thing. The shape and energy of the sculpture emphasises the features of the material, allowing the viewer to look, feel and enjoy. Through this abstract use of lines and shapes you can still sense the artist's closeness to nature, the Icelandic myths and storytelling tradition.

In 1976 Ásmundur entrusted his life's work to the city of Reykjavík after his day. He died on December 9th 1982 and the museum, Ásmundarsafn, was opened to the public a year later, in 1983.

Þorvaldur Skúlason paved the way for new ideas in contemporary Icelandic art, with abstract experiments on canvas. He was an inspiration to up-and-coming artists and led a group which held the so-called 'September Exhibitions' in Reykjavík towards the end of the 1940's and the start of the 50's. Þorvaldur was a founding member of the SEPTEM group in 1974 and stayed a member until his death.

Þorvaldur was born in Borðeyri at Hrutafjörður in 1906, but grew up in Blönduós. He moved to Reykjavík in 1921 and first received guidance from the woodcarver Ríkharður Jónsson and painter Þórarinn B. Þorláksson. Later he studied with Ásgrímur Jónsson. In 1927 Þorvaldur participated in his first public exhibition with Listvínafélagið (The Art Lovers' Association). In 1928 he received an official grant from the Icelandic Parliament and subsequently moved to Oslo for further studies. Among his teachers were Axel Revold and Jean Heiberg, whose work derived from the colour and form theories of the French painters Cézanne and Matisse. During this period, Þorvaldur's work was still representational, but he seemed to have given abstract imagery some thought before leaving Iceland. In 1926 he drew a picture – possibly his first conscious attempt to abstract imagery – and this small drawing which he drew in his notebook was signed and named *Composition*. Later he crossed out the signature, although it is still clearly visible. For whatever reason he did this – and shunned abstract imagery for the next two decades – it is clear that his interest had been awakened.

Þorvaldur moved to Paris in 1931 and worked under the guidance of Marcel Gromaire for one year. From there he went to Copenhagen, and back to France in 1938, this time to Tours. Þorvaldur himself said that this was the time he started painting abstract images. When the Germans occupied France, he was forced to leave in a hurry, leaving all his artworks behind. It is not known what happened to this collection, and Þorvaldur thought his landlord might have sold it off cheaply. Once he returned home, Þorvaldur did not see any way to carry on his abstract experiments for a while.

Around the middle of the 1940's, Þorvaldur picked up where he had left off, and delved into compositions similar to the one he had drawn in his notebook twenty years previously. From there and until he died on August 30th 1984, he worked energetically at developing his own abstract imagery. Even if Þorvaldur himself mostly exhibited his oil paintings, he also drew a lot and left behind a large collection of drawings, sketches and water colours which are preserved in The University of Iceland Art Collection. The drawings offer important insight into the way his work was planned and developed. Along with his paintings they are the backbone of a special department in the Art Collection: Þorvaldur's Museum.

Ásmundur and Þorvaldur both focused greatly on the formalist imagery of their work, thus connecting themselves to modernist traditions. They were aware of the historic value of their material's sources and focused on the physical attributes of their work, rather than seeing them as windows to their surroundings. In spite of the difference in their chosen media, Ásmundur and Þorvaldur were kindred spirits in many ways and Ásmundur referred to Þorvaldur as his artistic soulmate. Although Þorvaldur's turn to abstract imagery can be placed in time to a certain extent, it is hard to pinpoint down the exact time. The same can be said for Ásmundur: it is impossible to say if and when he cut away from figuration in his work. Gradually the abstract took over both artists. The art work became independent, without any references to the material world. Their careers thus reflect the modernist progress, heading from accepted routine towards a more pointed dialogue with the artist's present.

Bryndís Erla Hjálmaradóttir
Viktor Pétur Hannesson

Sýningarstjórn

Curator

Bryndís Erla Hjálmarsdóttir
Viktor Pétur Hannesson

Yfirlæstur

Proof-reading

Mörður Árnason

Þýðing

Translation

Ingunn Snædal

Sýningin er samstarfsverkefni

Listasafns Reykjavíkur
og Listasafns Háskóla Íslands

The exhibition is a collaboration
between Reykjavik Art Museum and
The University of Iceland Art Collection

